



**Mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna
fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga, váttryggingamiðlana og
lífeyrissjóða**

Verklag við hæfismat

10. febrúar 2010

Inngangur

Aðstæður þær er sköpuðust á fjármáلامarkaði haustið 2008 vöktu upp margar spurningar um hæfi stjórnenda í fjármálafyrirtækjum, hlutverk þeirra, ábyrgð og frammistöðu og hlutverk Fjármálaeftirlitsins við mat á hæfi þeirra. Vegna hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu hafa einnig víða erlendis og þá sérstaklega í Bretlandi og í Bandaríkjunum verið unnar ítarlegar skýrslur um hæfi stjórnarmanna og stjórnenda fjármálafyrirtækja. Niðurstöður athugana hafa leitt í ljós að lög og reglur og stjórnarhættir í fyrirtækjum hafi ekki verið megin vandamálið heldur þekking og viðhorf þeirra sem sátu við stjórnvölinn.

Nú þegar fer fram sérstakt hæfismat þegar nýr framkvæmdastjóri tekur til starfa hjá eftirlitsskyldum aðilum, við veitingu nýrra starfsleyfa og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum starfsleyfum. Fjármálaeftirlitið hyggst ekki breyta þeirri framkvæmd að svo stöddu. Gerðar eru ríkari kröfur til hæfis framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða heldur en ákvæði hlutafélagalaga gera til hæfis framkvæmdastjóra hlutafélaga almennt. Bæði er um að ræða kröfur er lúta að trúverðugleika þessara aðila auk krafna um faglegt hæfi viðkomandi, þ.e. að menntun, starfsreynsla og starfsferill viðkomandi sé með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.

Breytt framkvæmd við mat á hæfi stjórnarmanna

Til að stuðla að bættu og hertu eftirliti með því að hæfisskilyrði um stjórnarmenn eftirlitsskyldra aðila séu uppfyllt og ekki síður til að tryggja að stjórnarmenn séu vel meðvitaðir um hvaða þekkingar er krafist og hvaða ábyrgð fylgir stjórnarstörfum kynnir Fjármálaeftirlitið breytta framkvæmd við mat á hæfi stjórnarmanna. Fjármálaeftirlitið hefur sett á stofn þriggja manna ráðgjafarnefnd um hæfi stjórnarmanna, sem skipuð er sérfróðum aðilum. Nefndin mun veita umsögn um hæfi viðkomandi stjórnarmanns sem höfð verður til hliðsjónar við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um hæfið.

Fjármálaeftirlitið ákveður að teknu tilliti til umfangs á starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila þ.á m. starfsleyfis, reksturs og markaðshlutdeildar hvort óskað verður eftir umsögn ráðgjafarnefndarinnar. Þegar umsagnar er krafist munu stjórnarmenn verða kallaðir til fundar við ráðgjafarnefndina til viðtals um þau efnisatriði sem varða þekkingu og viðhorf stjórnarmannsins á starfsemi eftirlitsskylda aðilans og ábyrgð stjórnar.

Hæfismat framkvæmdastjóra og stjórnarmanna er framkvæmt með vísan til 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi auk eftirtalinna ákvæða um hæfisskilyrði framkvæmdastjóra og stjórnarmanna:

1. 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
2. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi
3. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
4. 15. og 16. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga.

Hæfiskröfur laganna eru hluti af þeim skilyrðum sem sett eru fyrir veitingu starfsleyfa og getur það valdið synjun eða sviptingu starfsleyfis ef framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn teljast ekki uppfylla hæfisskilyrðin.

Það verklag sem hér er kynnt tekur gildi frá og með 10. febrúar 2010.

1. Mat á hæfi framkvæmdastjóra

1.1. Hvenær hæfismat er framkvæmt

Þegar nýr framkvæmdastjóri tekur til starfa hjá fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum, váttryggingamiðlunum og lífeyrissjóðum og í tengslum við veitingu starfsleyfis til slíkra félaga og váttryggingamiðlara, hefur Fjármálaeftirlitið framkvæmt sérstakt mat á hæfi viðkomandi með tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru til hæfis þeirra í ákvæðum laga.

1.2. Framkvæmd hæfismats

Matið fer þannig fram að Fjármálaeftirlitið mun innan 30 daga frá tilkynningu um að nýr framkvæmdastjóri hafi tekið við störfum, sbr. 4. kafla verklýsingar þessarar, eða áður en starfsleyfi er veitt, boða hlutaðeigandi framkvæmdastjóra til fundar. Hið sama gildir við veitingu starfsleyfis til váttryggingamiðlara. Á fundinum verða rædd tiltekin ákvæði laga og reglna en með fundarboði verður sendur listi yfir umræðuefni sem nauðsynlegt er að framkvæmdastjóri/váttryggingamiðlari kunni skil á. Framkvæmdastjóri/váttryggingamiðlari þarf einnig að leggja fram staðfestingu á því að hann hafi ekki hlotið dóm fyrir brot á þeim lögum sem tiltekin eru í lögum um starfsemi hins eftirlitskylda aðila, staðfestingu á að hann sé fjár síns ráðandi eða hafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu 5 árum og skrifleg svör við spurningalista sem sendur verður fyrir fundinn. Spurningalistinn er fylgiskjal með tilmælum þessum. Almennt skal miðað við að aðilar fái 2 vikur til undirbúnings.

Eftir fundinn mun Fjármálaeftirlitið leggja mat á hvort viðkomandi hafi sýnt fram á nægilega þekkingu á þeim lögum og reglum sem rædd hafa verið og hvort hann teljist hæfur að öðru leyti með vísan til hæfisskilyrða laga.

1.3. Niðurstöður hæfismats og endurtekning

Fjármálaeftirlitið mun eins fljótt og við verður komið tilkynna framkvæmdastjóra og stjórn viðkomandi félags eða váttryggingamiðlara um það skriflega hvort viðkomandi hafi staðist hæfismat, en þó eigi síðar en innan 2 vikna frá því að fundur skv. 1.2. hér að framan hefur verði haldinn.

Ef framkvæmdastjóri/váttryggingamiðlari hefur að mati Fjármálaeftirlitsins ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu á þeim lögum og reglum sem til umfjöllunar voru, skal gefa honum kost á því að matið verði endurtekið innan 4 vikna frá því að niðurstaða liggur fyrir.

Óski framkvæmdastjóri/váttryggingamiðlari ekki eftir því að mat verði endurtekið, skal hann upplýsa Fjármálaeftirlitið um það skriflega innan ofangreindra tímamarka. Ef um nýjan framkvæmdastjóra er að ræða ber stjórn þegar í stað að grípa til fullnægjandi ráðstafana til þess að fullnægja skilyrðum laga um starfsleyfi og gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir þeim skriflega. Ef um er að ræða umsókn um nýtt eða breytt starfsleyfi leiðir framangreint til þess að starfsleyfi verður ekki gefið út til viðkomandi.

2. og 3. ml. 3. mgr. hér að ofan á einnig við í þeim tilvikum ef framkvæmdastjóri/váttryggingamiðlari telst ekki hæfur að öðru leyti, m.t.t. hæfisskilyrða laga.

Ef framkvæmdastjóri/vátryggingamiðlari hefur að mati Fjármálaeftirlitsins ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu við endurtekningu mats, skv. 2. mgr. þessarar greinar, er það háð frekari ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hvort honum verði gefinn kostur á því að matið verði endurtekið og þá hvenær slík endurtekning geti farið fram. Almennt er þó ekki gert ráð fyrir að gefinn sé kostur á fleiri en tveimur tilraunum, nema sérstök rök leiði til annars. Ákvæði 2. og 3. ml. 3. mgr. þessarar greinar eiga einnig við í þeim tilvikum þegar viðkomandi hefur ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu við endurtekningu mats.

2. Undanþágur frá hæfismati

Ekki verða veittar undanþágur frá framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra, nema í þeim tilvikum að viðkomandi aðili hafi á síðastliðnum 12 mánuðum gegnt starfi framkvæmdastjóra hjá öðrum eftirlitsskyldum aðila með sambærilegar starfsheimildir og staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins vegna þess starfs. Í slíkum tilvikum ber viðkomandi aðila að sækja skriflega um undanþágu frá hæfismati.

Í þeim tilvikum sem viðkomandi framkvæmdastjóri hefur á síðastliðnum 12 mánuðum skilað inn gögnum sem talin eru upp í 1. kafla hér að framan, þarf hann ekki að senda Fjármálaeftirlitinu þau gögn aftur, enda lýsi hann því yfir í bréfi til Fjármálaeftirlitsins að ekki hafi orðið breytingar á áður sendum upplýsingum. Fjármálaeftirlitið getur þó krafist viðbótarupplýsinga ef þörf krefur.

3. Mat á hæfi stjórnarmanna

3.1. Hvenær hæfismat er framkvæmt

Fjármálafyrirtæki, vátryggingafélag, vátryggingamiðlun og lífeyrissjóðir skulu tilkynna án tafar um skipan og síðari breytingar á félagsstjórn til Fjármálaeftirlitsins.

Tilkynningunni skulu fylgja eftirtalin gögn sem skulu berast Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 4 vikum eftir skipan stjórnarmanns:

- undirrituð yfirlýsing (www.fme.is/)
- svör við spurningalista (www.fme.is/)

Fjármálaeftirlitið áskilur sér rétt til að afla frekari gagna eða upplýsinga ef nauðsyn þykir.

3.2. Framkvæmd hæfismats

Fjármálaeftirlitið fer fram á umsögn ráðgjafarnefndar um hæfi stjórnarmanna, áður en ákvörðun er tekin um hæfi stjórnarmanns, ef ástæða þykir til, að teknu tilliti til umfangs á starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila þ.á m. starfsleyfis, reksturs og markaðs-hlutdeildar. Fjármálaeftirlitið setur reglur um störf ráðgjafarnefndar um hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmaður skal boðaður til fundar við ráðgjafarnefnd sem skipuð er þremur aðilum er meta hæfi stjórnarmanns. Nefndin skal veita Fjármálaeftirlitinu skriflega umsögn um hæfi viðkomandi stjórnarmanns.

Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun um hvort stjórnarmaður skuli metinn hæfur. Umsögn ráðgjafarnefndar um hæfi stjórnarmanna skal höfð til hliðsjónar við ákvörðun um hæfi, en er ekki bindandi.

Í þeim tilfellum sem ekki er óskað eftir umsögn ráðgjafarnefndar verður hæfismat byggt á framlögðum gögnum og skriflegum svörum stjórnarmanna.

Niðurstaða hæfismats skal tilkynnt stjórnarmanni og viðkomandi félagi eigi síðar en 2 vikum eftir að fundur með ráðgjafarnefnd fór fram. Í þeim tilfellum sem ekki er óskað eftir umsögn ráðgjafarnefndar skal niðurstaða hæfismats liggja fyrir innan 4 vikna frá því að Fjármálaeftirlitinu hefur borist fullnægjandi gögn skv. 3.1.

Verði stjórnarmaður metinn óhæfur mun Fjármálaeftirlitið beina þeim tilmælum til viðkomandi eftirlitsskylds aðila að hann hætti strax störfum. Verði félagið ekki við þeim tilmælum mun Fjármálaeftirlitið beita ákvæðum 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og eftir atvikum þeim heimildum sem það hefur samkvæmt þeim sérlögum er gilda um eftirlitsskylda aðila.

4. Tilkynningaskylda um breytingar á stjórn eða framkvæmdastjóra

Rétt er að ítreka mikilvægi þess að fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög, váttryggingamiðlanir og lífeyrissjóðir tilkynni Fjármálaeftirlitinu um allar breytingar sem verða á stjórn og framkvæmdastjórn viðkomandi félags án tafar.

Berist slíkar upplýsingar ekki innan eðlilegra tímamarka kann að koma til þess að Fjármálaeftirlitið beiti þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt til þess að knýja á um skil upplýsinga, m.a. með beitingu dagsekta.